

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 26. maí 2000.***Ingibjörg Pálmadóttir.**

---

*Guðríður Þorsteinsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Nesi, Búðahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Búðahrepps þann 4. maí 2000 samþykkt breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Nesi, Búðahreppi, dags. 26. ágúst 1996. Breytingin nær til þess að bætt er við lóð númer 15 við Nesveg og kvöð vegna stofnæðar vatnsveitu Búðahrepps er lögð á lóðir númer 1 og 2 við Nesveg.

Uppdráttur og skilmálar hafa fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og gerir Skipulagsstofnun ekki athugasemd við að auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins verði birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir sama svæði frá 26. ágúst 1996.

*Fáskrúðsfirði, 31. maí 2000.*

F.h. Búðahrepps,

**Steinþór Pétursson** sveitarstjóri.

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag hafnarsvæðis utan Suðurgarðs, Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti deiliskipulag Suðrhafnar á fundi sínum þann 14. mars 2000.

Tillagan var auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Með nýju deiliskipulagi falla úr gildi áður samþykktar deiliskipulagsáætlanir einstakra reita innan deiliskipulagsvæðisins.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Hafnarfirði, 10. júní 2000.*

F.h. Hafnarfjarðarbæjar,

**Hafdís Hafliðadóttir** skipulagsstjóri.